



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
á Sjómannadaginn  
Akureyri  
4. júní 2000**

Góðir Akureyringar,  
Eyfirðingar.  
Heiðruðu sjómenn og aðrir hátíðargestir

Sjómannadagurinn árið 2000 er margfaldur hátíðardagur. Við hyllum vaska sveit sem sótt hefur og sækir enn dýrmæta björg í þjóðarbú okkar Íslendinga, sjómenn og fiskvinnslufólk sem verið hafa burðarásar í hinni miklu framfararsókn 20. aldarinnar.

Sjómannadagurinn er nú sem áður einstakur heiðursdagur, byggðirnar klæðast í hátíðarbúning, þakka hetjum hafsins framgöngu þeirra og fórnfýsi alla.

Á merkisári aldaskila, vegamótum árþúsunda, þegar við minnumst kristnitöku og landafunda er sjómannadagurinn einnig áminning um að landnámsmenn Íslands, stofnendur Alþingis til forna, þingheimur sem kaus að gera kristni að trúarbrögðum þjóðarinnar, öll sú merka sveit sem nam hér land og markaði Íslendingum grundvöll að einstæðri sögu var sveit frábærra sjómanna, sæfarenda sem mörkuðu djúp spor í sögu heimsins með för sinni vestur um haf til fundar við álfuna miklu sem nú ber heitið Ameríka og er heimaslóð öflugasta ríkis í veröldinni.

Saga landnáms og kristni, þjóðveldis og fornra rita er saga mikilhæfra sjómanna sem hikuðu ekki við að halda yfir úfið haf og bjóða óvissunni byrginn. Á opnum skipum með skyldulið, búfénað og fáeinar reitur glímdu þeir við þungan straum og hvassan vindinn. Í krafti hæfni, þrautseigju og þekkingar náðu þeir höfnum og urðu upphafsmenn þeirrar þjóðarsögu sem er í senn akkeri okkar og uppspretta skilnings á ætlan okkar og stöðu.

Landnámsmenn í Eyjafirði og á Norðurlandi voru líkt og Ingólfur Arnarson, Eiríkur rauði og sonur hans Leifur hinn heppni frábærir sjómenn sem gerðu ný heimkynni að öflugum veiðistöðvum, fundu hér fengsæl fiskimið og drógu að landi slíkan afla að hann varð undirstaða verslunar við Noreg og nágrannalöndin.

Við upphaf byggðar og ætíð síðan hefur Ísland verið veiðistöð og framtak fiskimanna og farmanna undirstaða blómlegs lífs í landinu öllu. Þegar við efnum nú til hátíða til að minnast landafunda og kristnitöku erum við umfram allt að minnast frábærra sjómanna sem skópu sér einstakan sess í sögu okkar og heimsins alls.

Það voru reyndar líka fiskimennirnir sem samkvæmt frásögn biblíunnar urðu fyrstir til að fylgja Kristi. Bræðurnir Símon, kallaður Pétur, og Andrés bróðir hans voru að leggja dragnet í vatnið þegar Jesús kom þar að og bauð þeim að fylgja sér. Það kusu þeir þegar í stað og sama gerðu bræðurnir Jakob og Jóhannes sem stóðu í bátinum að bæta netin þegar frelsarinn fór þar um.

Fiskimennirnir voru kjarninn í hinum fyrsta söfnuði og þúsund árum síðar hófst hin íslenska samfylgd Krists og sjómanna. Bænin við borðstokkinn og á hættustundum, trú og von þeirra sem heima biðu, huggunin þegar sorgarfrétt um drukknun og mannskaða barst – trúin á Krist og boðskap hans hefur verið og verður leiðsögn þeirra sem við sjóinn búa.

Ég kynntist því ungur í þorpinu vestra hjá afa mínum og ömmu og á Ísafirði í foreldrahúsum að kristni og sjósókn eru greinar á sama meiði, burðartré byggðarlagsins. Og Guðrún Katrín bjó alla ævi við þá sáru minningu að missa föður sinn barn að aldri þegar togarinn Sviði fórst í hafi með allri áhöfn.

Þannig höfum við flest og fjölskyldur okkar fengið að kynnast þeim hættum og fórnunum sem sjósóknin færir. Á sjómannadaginn minnumst við þeirra sem druknað hafa og biðjum um huggun og von fyrir þá sem eftir lifa.

Íslenskir sjómenn geta svo sannarlega borið höfuðið hátt á hátíðardegi. Velgengni þjóðarinnar er glæsilegur vitnisburður um afrakstur af erfiðinu. Virtar alþjóðastofnanir nefna jafnan Ísland á nafn þegar lýsa ber fordæmum um hæfni og árangur þeirra sem sjóinn sækja. Því hef ég sjálfur kynnst í samræðum víða um heim, við forystusveit Sameinuðu þjóðanna í höfuðstöðvunum í New York og í Matvælastofnuninni sem aðsetur hefur í Róm. Hafið, nýting þess og

varðveisla fiskistofna og lífríkis eru meðal stærstu viðfangsefna sem biða mannkyns á nýrri öld og þar kemur reynsla okkar Íslendinga að góðum notum.

Þótt á stundum sé hart deilt hér á heimavelli megum við hvorki missa sjónar á þeirri sérstöðu sem farsælar fiskveiðar hafa fært okkur né heldur týna því samhengi sem sjómennskan hefur skapað í sögu Íslendinga frá árdögum landnáms og kristni til okkar daga.

Sjómannadagurinn er því ásamt 17. júní eins konar sjálfstæðisdagur okkar Íslendinga, vitnisburður um sigur fátækrar þjóðar í erfiðri glímu um tilveru sína og rétt, sigur sem náðist í krafti þess einbeitta vilja sem á hverjum nýjum degi býr í brjóstum þeirra sem sjóinn sækja.

Ég færi íslenskum sjómönnum þakkir þjóðarinnar og heillaóskir og bið ykkur og fjölskyldum ykkar allrar blessunar um ókomna tíð.

Megi gæfa fylgja ykkur í hverri för og íslenska þjóðin njóta um alla framtíð þeirrar farsældar sem hetjur hafsins hafa fært okkur að gjöf.